

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2021

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um breytingu á útlendingalögum til að hemja útgjöld og auka skilvirkni í málsmeðferð, 389. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um breytingu á útlendingalögum til að hemja útgjöld og auka skilvirkni í málsmeðferð

151. löggjafarþing 2020-2021.

Þingskjal 528 — 389. mál.

Allsherjar- og menntamálamálanefnd sendi Rauða krossinum á Íslandi 4. febrúar sl. til umsagnar tillögu til þingsályktunar um breytingu á útlendingalögum til að hemja útgjöld og auka skilvirkni í málsmeðferð, 389. mál. Var frestur veittur til 18. febrúar 2020 til þess að skila umsögn.

Rauði krossinn tekur undir mikilvægi þess að umsóknir um alþjóðlega vernd séu unnar á skilvirkum hátt, innan ákveðinna tímafresta. Í þessu sambandi bendir Rauði krossinn á að þeir sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi eiga rétt á að úr máli þeirra sé skorið á þann hátt sem samræmist vönduðum stjórnsluháttum og réttlátri málsmeðferð. Í þingsályktunartillögunni er lagt til að ákvörðunartími um hvort umsókn um alþjóðlega vernd fái efnislega meðferð verði að hámarki 48 klukkustundir í stað 12 mánaða og að niðurstaða efnislegrar málsmeðferðar liggi fyrir innan sex mánaða.

Rauði krossinn telur þessar tillögur ekki framkvæmanlegar að öllu leyti en ein meginástæða þess eru ákvæði Dyflinnarreglugerðarinnar (DRR) um þann tíma sem aðildarríki hafa til þess að svara beiðnum um endurviðtöku eða beiðnum um að taka einstakling í umsjá. Dyflinnarsamstarfið byggir á ákveðnum samskiptum milli aðildarríkja en þegar umsækjandi kemur til landsins og íslensk stjórnvöld telja sig hafa sannanir fyrir því að annað aðildarríki beri ábyrgð á umsókninni senda íslensk stjórnvöld beiðni til viðkomandi ríkis um að taka við umsækjanda á grundvelli ákvæða DRR. Aðildarríki hafa tvo mánuði til að taka ákvörðun um hvort þau samþykkja að taka umsækjanda í umsjá (sjá 1. mgr. 22. gr. DRR) en þegar um er að ræða beiðni um endurviðtöku eru frestirnir ýmist einn mánuður eða tvær vikur, eftir því á hvaða grunni beiðnin er byggð (sjá 1. mgr. 25. gr. DRR). Þessir frestir koma þannig í veg fyrir að íslensk stjórnvöld geti tekið ákvörðun um að annað aðildarríki DRR beri ábyrgð á umsókn um alþjóðlega vernd á innan við 48 klukkustundum. Aftur á móti geta íslensk stjórnvöld tekið ákvörðun um að taka umsóknir til efnismeðferðar hér á landi innan þess tímaramma og fellur þá ábyrgð annarra ríkja Dyflinnarsamkomulagsins úr gildi.

Hvað varðar aðrar umsóknir sem ekki falla undir DRR og fjallað er um í 1. mgr. 36. gr. koma aðallega til skoðunar umsóknir einstaklinga sem hlotið hafa vernd í öðru ríki. Er að meginstefnu til um að ræða umsóknir einstaklinga sem hlotið hafa vernd í Grikklandi, á Ítalíu eða í Ungverjalandi. Íslenska ríkið er aðili að Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) og hefur þar með skuldbundið sig til að tryggja að enginn skuli sæta ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð (3. gr. MSE) og kemur það til skoðunar þegar metið er hvort óhætt sé að senda flóttafólk til ríkis þar sem það hefur hlotið alþjóðlega vernd. Við mat á þessu ber að skoða aðstæður í viðtökuríki



og einstaklingsbundnar aðstæður umsækjenda (þ.m.t. heilsufar). Eðli málsins samkvæmt getur það tekið nokkra daga að framkvæma mat á heilsufari umsækjenda en algengur biðtími eftir fyrstu lækni skoðun hér á landi hefur verið 2-4 vikur. Ef framkvæma ætti mat á einstaklingsbundnum aðstæðum á innan við 48 klukkustundum þyrfti að auka gríðarlega aðgengi umsækjenda um alþjóðlega vernd að heilbrigðiskerfinu og í raun koma fólki í fyrstu lækni skoðun á fyrstu klukkustundunum eftir að það kemur til landsins. Þá er ljóst að öll mál þar sem grunur léki á því að andleg eða líkamleg veikindi væru fyrir hendi færu fram úr þessu tímamarki enda sjaldnast hægt að fá áreiðanlegar niðurstöður um alvarleg líkamleg eða andleg veikindi á svo stuttum tíma.

Hvað efnismál varðar telur Rauði krossinn mikilvægt að þau séu unnin á eins skjóttan og skilvirkan hátt og kostur er. Slík mál geta þó verið flókin og erfið úrlausnar og krefjast oft á tíðum m.a. ítarlegrar rannsóknar og upplýsingaöflunar. Er því afar mikilvægt að málsmeðferðin sé umfram allt vönduð til þess að komast megi að rétttri niðurstöðu varðandi umsókn viðkomandi. Í lögum um útlendinga er kveðið á um að umsóknum skv. 37. og 39. gr. skuli svarað innan 18 mánaða og að heimilt sé að veita útlendingi dvalarleyfi af mannúðarástæðum ef viðkomandi hefur ekki fengið niðurstöðu á stjórnslustigi innan þess tíma. Í reglugerð um útlendinga er ennfremur kveðið á um að heimilt sé að veita barni sem ekki hefur fengið niðurstöðu á stjórnslustigi innan 16 mánaða frá því að það sótti fyrst um alþjóðlega vernd hér á landi, dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Með því að stytta málsmeðferðartímann í sex mánuði telur Rauði krossinn að líkur standi til að mun fleiri umsækjendur muni hljóta dvalarleyfi af mannúðarástæðum, enda erfitt að sjá fyrir sér miðað við óbreyttar forsendur að stjórnvöld nái að afgreiða umsóknir innan slíks tíma. Stytting málsmeðferðar getur einnig leitt til þess að stjórnvöld neyðist til þess að vinna málin of hratt til þess að ná að ljúka þeim innan sex mánaða tímafrests. Slík vinnubrögð gætu komið niður á vandaðri og réttlátri málsmeðferð. Að mati Rauða krossins má málsmeðferðin aldrei verða það skjótt að slíkum markmiðum sé stefnt í voða. Á hinn bóginn má velta fyrir sér hvort núgildandi tímafrestir í efnismeðferðarmálum, 16 og 18 mánuðir, séu of langir og megi stytta þannig að tryggja megi í senn hraða en vandaða málsmeðferð. Til þess að ná því markmiði má leiða að því líkum að fjölga þurfi starfsfólki sem sinnir málavinnslu, sem og auka við húsakost til að unnt sé að framkvæma fleiri hælisviðtöl, birta ákvarðanir í málum o.þ.h. Í þessu skyni má einnig nefna að langur málsmeðferðartími getur m.a. haft slæm áhrif á andlega heilsu umsækjenda og hefur í för með sér mikinn kostnað fyrir stjórnvöld.

Fulltrúar Rauða krossins eru reiðubúnir að funda með allsherjarnefnd til þess að reifa framangreindar athugasemdir ef svo ber undir.